

Á Flateyrdalsheiði,  
frá vinstri: Engilbert  
Sigurðsson, Magnús  
Gottfréðsson, Tómas  
Guðbjartsson og Finnur  
Sveinsson.  
Myndina tók Dagný  
Heiðdal.



Merki Félags íslenskra  
fjallalækna sem Guðbjörg  
Tómasdóttir hannaði og líkir  
eftir hjartalínuriti.

## FÍFLa fréttir: Náttfaravíkur og GPS námskeið

**Tómas  
Guðbjartsson**

**Engilbert  
Sigurðsson**

Haustferð FÍFL var farin helgina 4. – 6. september síðastliðinn í frábæru veðri. Að þessu sinni var gengið í Náttfaravíkur vestan Húsavíkur frá bænum Björgum. Í þessum grösugu en snjópungu vikum mun Náttfari, þræll Garðars Svavarssonar, hafa haft vetursetu nokkra vetur í kringum 970. Gengið var vestur yfir Víknafjöll og niður á Flateyrdalsheiði. Eftir að Dalsá hafði verið vaðin var komið í sæluhús í Heiðarhúsum og gíst þar. Daginn eftir var haldið áfram suður Flateyrdalsheiði að Dalsmynni, en alls var gangan um 45 km. Valgarður Egilsson læknir var FÍFL innan handar við undirbúning þessarar skemmtilegu ferðar, en hann hefur oft verið fararstjóri á þessum slóðum. Ásgeir Böðvarsson læknir á Húsavík nýtti einnig ættartengsl sín við

bændur á svæðinu í þágu hópsins og eru þeim færðar þakkir fyrir aðstoðina. Skoða má myndir úr ferðinni og úr öðrum fjallaferðum félagsmanna á árinu á síðunni FÍFL á Facebook.com

Fimmtudaginn 8. október fyrirhugar FÍFL námskeið fyrir lækna þar sem kennd verður notkun GPS-staðsetningartækja. Þorvaldur Þórsson hátindahöfðingi og tölvunarfræðingur verður leiðbeinandi á námskeiðinu sem haldið verður í Hringssal og stendur frá kl. 20-22. Námskeiðið er sérstaklega ætlað göngufólki en getur einnig nýst þeim sem nota slík tæki við siglingar og fjallahjólreiðar. Æskilegt er að þátttakendur taki með sér GPS-staðsetningartæki og gjarnan ferðatölvu. Þátttökugjald er 1500 kr. og er fjöldi þátttakenda takmarkaður við 20 manns.